



Reglugerð – Íslandsmót í Para-borðtennis

Gildir frá 1. júlí 2026

1. grein – Almenn ákvæði

Íslandsmót í para-borðtennis er haldið samkvæmt reglum BTÍ og ITTF, með þeim viðbótum sem fram koma í reglugerð þessari.

2. grein – Keppnisflokkar

Keppt er í eftirfarandi fötlunarflokkum:

Sitjandi flokkar (H):

- H1 karla og H1 kvenna
- H2 karla og H2 kvenna
- H3 karla og H3 kvenna
- H4-5 karla og H4-5 kvenna

Standandi flokkar (S):

- S6 karla og S6 kvenna
- S7 karla og S7 kvenna
- S8 karla og S8 kvenna
- S9 karla og S9 kvenna
- S10 karla og S10 kvenna

Flokkur 11 (I):

- I11 karla og I11kvenna

Tvíliðaleikur:

- HT4 (Hjólastóla tvíliðaleikur – samanlagður fötlunarflokkur má að hámarki vera 4)
- HT8 (Hjólastóla tvíliðaleikur – samanlagður fötlunarflokkur má að hámarki vera 8)
- ST14 (Standandi tvíliðaleikur – samanlagður fötlunarflokkur má að hámarki vera 14)
- ST18 (Standandi tvíliðaleikur – samanlagður fötlunarflokkur má að hámarki vera 18)
- IT22 (Tvíliðaleikur flokkur 22 – eingöngu fyrir leikmenn í flokki 11)

Tvenndarleikur:

Tvenndarleikur – opinn öllum fötlunarflokkum (1–11)

Opinn flokkur:

- Opinn flokkur karla 1-11
- Opinn flokkur kvenna 1-11

3. grein – Sameining flokka

Ef færri en fjórir keppendur eru skráðir í flokk skal sameina flokka.



- Lægri flokkur sameinast næsta hærri flokki
- Sameining fer fram innan sitjandi og standandi flokka
- Ef ekki næst næg þátttaka í kvennaflokki sameinast hann karlaflokki

4. grein – Keppnisréttur

Keppnisrétt hafa allir leikmenn sem falla undir fötlunarflokka 1–11 og eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa haft lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. 3 ár.

5. grein – Keppnisfyrirkomulag

Einliðaleikur:

- Spilað í riðlum
- Ef fleiri en einn riðill fer fram útsláttarkeppni eftir riðla

Tvíliðaleikur, tvenndarleikur og opinn flokkur

- Spilaður með útsláttarfyrirkomulagi

Allir leikir eru spilaðar 3-5 lotur, þarf að vinna 3 lotur til að vinna leik

6. grein – Röðun

Röðun leikmanna/para er ákveðin af formanni borðtennisnefndar ÍF í samvinnu við mótsstjórn.

- Stuðst er við styrkleikalista BTÍ og alþjóðlegs lista ITTF

7. grein – Dráttur

- Dregið skal eigi síðar en daginn fyrir mót
- Leikmenn frá sama félagi skulu ekki mætast í riðli ef hægt er
- Í útslætti er ekki tekið tillit til félags

8. grein – Tímasetningar

- Tímaplan er ákveðið af mótsstjórn og tilkynnt eigi síðar en daginn fyrir mót

9. grein – Dómgæsla

- Leikir skulu dæmdir samkvæmt reglum ITTF
 - Mótsstjórn raðar dómurum á leiki
-



10. grein – Verðlaun

- Fyrsta sæti hlýtur gullverðlaun
- Annað sæti hlýtur silfurverðlaun
- Þriðja sæti hlýtur bronsverðlaun

Til að teljast Íslandsmeistari þarf:

- að minnsta kosti **3 keppendur í einliðaleik**
- eða **3 pör í tvíliðaleik**